

**59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 1861.**  
 norður- og austurumdæminu, um kirkjugarð við 12. septbr.  
 Möðruvalla-klausturs kirkju.

Eptir að dómsmálastjórnin hefir borið upp fyrir konungi þegnlega skýrslu um bænarskrá þá, er hingað kom með álitsskjali yðar herra amtmaður, dagsettu 28. febrúarm. þ. á., hefir hans háttign 7. þ. m. allramildilegast fallið á, að verja megi 200 ríkisdöllum af fê Möðruvalla-klausturs kirkju til styrks handa sóknarmönnum til að byggja kirkjugarð við kirkju þessa úr trê og grjóti, þó svo, að öllu verkinu sê lokið innan 1. októbermánaðar 1863, og að þegar þar að kemur verði gjörð skilagrein fyrir því, hvernig fênu hafi verið varið.

Um leið og yður er birt þetta, yður til leiðbeiningar, og til þess að þér kunngjörð það þeim, er hlut eiga að máli, skorar dómsmálastjórnin á yður, að gjöra þær ráðstafanir, er þarf, samkvæmt konungsúrskurði þessum, og að senda stjórnarráðinu síðan skýrslu um málið.

**60. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir 12. septbr.**  
 vesturumdæminu, um laun handa settum héraðslækni.

Eptir að dómsmálastjórnin með bréfi yðar, herra amtmaður, 26. júlím. þ. á., er búin að fá svar frá Lind héraðslækni, viðvíkjandi því, að hann er settur til að gegna héraðslæknisembætti í nyrðra umdæmi vesturamtsins, skal yður það nú til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það þeim, er hlut á að máli, að frá 1. degi októbermánaðar næstkomanda getur hann aðeins fengið laun samkvæmt lögum 19. febrúarm. þ. á. 8. gr. smbr. 4. gr., og 3. gr. 2. tölul.; en eptir þessum lagagreinum á hann, auk launa sinna sem héraðslæknis í syðra læknisumdæmi vesturamtsins, að upphæð 625 rdl., og launaviðbótar þeirrar, sem honum ber af þeim launum, sem er 12 rdl. 64 sk. á mánuði, það sem eptir er fjár-